

kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur greiðist af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, setts yfirrettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Undirdómarinn, sýslumaður Einar Thorlacius, greiði í sekt til landsjóðs 50 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. desembermánaðar.

Nr. 9/1893:

Sigurd Johansen

gegn

Konráði Hjálmarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af stefnda, sveitakaupmanni Konráði Hjálmarssyni í Mjóafirði, gegn áfrýjandanum kaupmanni á Seyðisfirði Sigurd Johansen *til* skaðabóta fyrir að hafa brugðið við hann loforði (samningi) um veizlunarsamband eða vöruútveganir fyrir árið 1892, *til* uppbótargreiðslu fyrir villur í reikningum áfrýjanda til stefnda fyrir árin 1890 og 1891, og loks *til* endurgreiðslu á andvirði vara, er stefndi endursendi áfrýjanda. Var málið dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 4. janúar þ. á. þannig, að nefnd þrjú kröfuatriði voru tekin til greina og áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda sem ferðakostnað til útlanda til að útvega sjer vörur 720 kr. og kr. 173,15 +

kr. 354,08 samkvæmt hinum tveim kröfuatriðunum, samtals kr. 1247,23 ásamt 5% vöxtum frá kærudegi til þess greitt væri; svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda í málskostnað 40 kr.

Dómi þessum hefur Sigurd Johansen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. marz þ. á. og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði algjörlega úr gildi felldur og hann dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum stefnda, en stefndi skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með að minnsta kosti 100 kr. eða eptir mati rjettarins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda með 60 kr. eða eptir mati rjettarins.

Árin 1890 og 1891 höfðu þeir áfrýjandi og stefndi haft töluverð verzlunarviðskipti saman, og tók stefndi hið síðarnefnda ár, að því er virðist, allar útlendar vörur til verzlunar sinnar hjá áfrýjandanum, og fjekk eptir samningi þeirra á milli ákveðinn afslátt á þeim. Haustið 1891 var það nú áform þeirra, að halda þessu verzlunarsambandi áfram 1892, en er þeir haustið 1891 áttu samtal um þetta, gat þeim ekki komið alveg saman um skilmálana. En 20. október 1891 sendi áfrýjandi stefnda skriflegt tilboð um verzlunarkjör þau, er áfrýjandi bauð stefnda, til þess að stefndi ritaði á það samþykki sitt, en stefndi sendi skjalið aptur með áritun um, að hann gengi að hinum tilboðnu kjörum, nema einu atriði, sem sje að bera rýrnun á kolum og salti, er flutt væri til Konráðs beint frá útlöndum, en það hafði áfrýjandi gjört að skilyrði. 3. nóv. næstan eptir skrifaði áfrýjandi stefnda brjef; segir meðal annars í því viðvíkjandi þessu ágreiningsatriði þeirra í milli,

að áfrýjandi haldi fast við meiningu sína í þessu tilliti, þótt hann sem standi (forelöbíg) »intet Kludder skal gjöre«. Telur stefndi að áfrýjandi með brjefinu í heild sinni og sjerstaklega þessum tilgreindu orðum hafi látið í ljósi að hann fjelli frá þessu kröfuatriði sínu um rýrnun á kolum og salti og að áfrýjandi þannig hefði verið búinn að skuldbinda sig til að útvega honum vörur frá útlöndum 1892. En 8. nóv. 1891, er áfrýjandi frjetti, að vörur þær, fiskur o. fl., er hann hafði sent til útlanda, höfðu selzt mjög illa, og hann orðið fyrir miklu fjártjóni, skrifaði hann stefnda og ljet hann vita, að hann ekki sæi sjer fært, að útvega honum vörur frá útlöndum framvegis. Fór stefndi þá til útlanda til þess að útvega sjer vörur, og sjest ekki, að hann hafi í nokkru tilliti þá sakað áfrýjanda um nein samningsrof. En seint í sept. 1892 höfðaði hann mál þetta, og heimtaði meðal annars, að áfrýjandi greiddi honum kostnaðsinn við ferðina til útlanda, er hann taldi 720 kr.

Þó að nú álita mætti, að áfrýjandiinn með áður nefndu brjefi 3. nóv. 1891 hafi gengið að samningnum við stefnda um verzlunarkjör þeirra í milli framvegis, eins og stefndi hafði breytt samningsuppkastinu með áteiknun sinni, og að áfrýjandi þar með hafi tekið að sjer að birgja stefnda upp með vörur eptir þörfum til verzlunar hans með þeim kjörum (afslætti), sem í samningnum voru tiltekin, þá virðist þó eigi verða dæmt svo, að áfrýjandi hafi gjört sig sekan í samningsrofi, er gjöri hann skaðabótaskyldan til stefnda, með uppsögn sinni á verzlunarsambandinu í áður nefndu brjefi 8. nóv. 1891, því að brjef þetta er svo orðað, að stefndi mátti af því skilja, að áfrýjandi eigi bjóst við að uppsögnin væri skoðuð sem samningsrof eða að hann yrði

að bæta stefnda það að nokkru, þótt hann sliti sambandinu á milli þeirra, og var brjefið líkara samkomulagstilraun frá áfrýjanda hálfu um að hætta sambandinu, sökum þess, að það væri báðum hollast, eins og komið væri; það sjest heldur ekki, að stefndi hafi skilið brjefið öðruvísi þá, eða að hann hafi látið áfrýjanda skilja, að hann skoðaði uppsögnina sem samningsrof og geymdi sjer rjett til skaðabóta, en þetta hefði hann eðlilega þurft að gjöra, ef hann ætlaði að koma ábyrgð fram á hendur áfrýjanda síðar fyrir samningsrof. Af þessum ástæðum verður ekki fallizt á það, að undirdómarinn hefur dæmt áfrýjanda til að greiða stefnda endurgjald siglingarkostnaðar til útlanda 720 kr., og ber að sýkna áfrýjanda fyrir kröfum stefnda í þessu tilliti.

Í annan stað hefur stefndi í máli þessu krafizt og fengið dóm fyrir uppbót, að upphæð samtals kr. 173,15, út af ýmsum villum og göllum, er hann hefur talið að væri í reikningi áfrýjanda til hans yfir viðskipti þeirra árin 1890 og 1891. Frá þessari uppbótarkröfu verður þó að draga 38 kr. 93 a. eða 20% af úttekt stefnda hjá áfrýjanda framan af árinu 1891, með því að það eigi er sannað gegn neitun áfrýjanda, að stefnda hafi borið þessi afsláttur á útteknum vörum á því tímabili. Að öðru leyti hefur áfrýjandi eigi komið fram með nægilega ákveðin mótmæli gegn uppbótarkröfunni, sem eptir því sem viðgengst hjer á landi ekki virðist um seinan uppbörin, og verður því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 134 kr. 22 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Loks hefur stefndi krafizt í málinu og fengið dóm fyrir 354 kr. 8 a., sem er andvirði vara, er hann kveðst

hafa endursent áfrýjanda. Frá þessari upphæð ber þó að draga kr. 44,05, með því að áfrýjandi hefur skýrt frá, að þessi upphæð, sem hann viðurkennir rjetta, sje innkomin síðar í reikning stefnda, og hefur stefndi eigi vefengt það. Hvað kröfu stefnda, er hjer rædir um, að öðru leyti viðvíkur, þá hefur hann eigi gegn neitun áfrýjanda sært sönnur á, að hann hafi haft rjett til að skila aptur umræddum vörum, enda hefur áfrýjandi neitað að taka við þeim, og verður stefnda því eigi dæmt neitt endurgjald fyrir þær.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 134 kr. 22 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi málsins til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, kaupmaður Sigurd Johansen, greiðir stefnda, Konráði kaupmanni Hjálmarssyni, 134 kr. 22 a. ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi málsins til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.